

44. stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 16.janúar 2014 og hófst hann kl. 17.00

Mætt: Kári, Sigurjón, Guðjón og Gry

Þetta gerðist:

1. **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
2. **Ársþing - undirbúningur.**Stjórnin fór yfir og staðfesti ársreikning 2013 og samþykkti fjárhagsáætlun 2014, skýrslu stjórnar, áætlun fyrir landsliðið 2014 og minnisblað fundarstjóra. Ársreikningur undirritaður.
3. **Stjórnarkjör**
Guðjón Hafliðason og Aron Teitsson gefa ekki kost á sér áfram í stjórn. Engin framboð hafa borist til stjórnarkjörs. Samþykkt að skipa Sigurjón, Gry, Guðjón og Kára í uppstillingarnefnd. Uppstillingarnefnd ákvað að stinga upp á Sturlu Ólafssyni og Ásu Ólafsdóttur í sæti aðalmanna og Einari Már Ríkarðsson, Sigfúsi Fossdal og Óskari Inga Víglundssyni sem varamönnum.
4. **Landsliðsmál**
Stjórnin staðfesti ráðningarsamning við Grétar Hrafnsson, landsliðsþjálfara og fól Sigurjóni að ganga frá málum við hann. Stjórnin ítrekaði ákvæðin sem eru í samkomulagi við landsliðsþjálfara um verkefni og ábyrgð hans. Til stendur að ræða samskipti landsliðsþjálfara og félagsþjálfara á fundi með landsliðsnefnd, og skýra línur og skiptingu ábyrgðar.
5. **Önnur mál-**
 - a. Gry skráir Kára og Sturlaug í alþjóðlegt dómarapróf IPF samkvæmt áætlun. Kári Rafn fer á EM unglunga í St. Pétursborg 9.-13. apríl og Sturlaugur fer á Opna evrópumótið í Búlgaríu 7.-11. maí
 - b. Kári athugar með árgjöldin fyrir NPF og Gry ítrekar við þá sem hafa ekki greitt.
 - c. Samþykkt að bjóða 10 sjálfboðaliðum á RIG bankettinn 19. janúar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18.30

Fundarritari: Gry Ek